*Skógrækt ríkisins*
*Skógarvörðurinn á Tumastöðum*
Garðar Jónsson.

TUMASTÖÐUM,
PR. HVOLSVÖLLUR

# STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ.

## 1958.

Suðurlandsumdæmi.

12/1 59.

## 1. Almennt yfyrlit:

Laufgun í birkiskjólbeltunum á Tumastöðum var um 10. júní, en lauffall um 10. okt. er það um mánuði síðar en í fyrra. Laufgun í Múlakoti var þó um hálfum mánuði fyr en á Tumastöðum. Lauffall í Skarfanesi og í Þjórsárdal, var um miðjan sept.

Vorið var mjög þurt og kalt, tafði það mikið öll vorstörf, sumarið var einnig þurt og fremur kalt, en haustið aftur á móti úrkomusamt.

Ársvöxtur varð í tæpu meðallagi.

Vegna hinna miklu þurka í vor og sumar, má búast við töluverðum vanhöldum í plöntum, sem gróðursettar voru í vor.

Allar kaupgreiðslur á árinu voru Kr. 414.356,88, þar af voru greiddar Kr. 150.689,51 til innansveitarfólks, en Kr. 263.667,37 til aðkomufólks.

Starfsfólk á árinu.

| Mán. | jan. | feb. | mar. | apr. | maí. | jún. | júl. | ágú. | sep. | okt. | nóv. | des. | samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Karl | 1 | 1 | 1 | 2 | 6 | 12 | 11 | 8 | 6 | 4 | 4 | 1 | 57 |
| Kon. | | | | 1 | 16 | 28 | 27 | 8 | 7 | 2 | 1 | | 90 |
| Samt | 1 | 1 | 1 | 3 | 22 | 40 | 38 | 16 | 13 | 6 | 5 | 1 | 147 |

vinnustundir 29.400.

## 2. Girðingar:

Í Selhöfðum í Þjórsárdal, var sett upp 900 m. löng bráðabirgðagirðing, í hana var notað net, gaddavír og járnstaurar. Farið var með allri gömlu Þjórsárdalsgirðingunni og hún lagfærð.

Skarfanesgirðing var endurgirt á kaflanum frá Þjórsá og upp í gömlu fjárpestargirðinguna, í það var notað, gaddavír og tréstaurar.

Farið var með allri Þórsmerkurgirðingu og hún lagfærð. Næsta ár þarf að setja nýtt hlið í Húsadal.

3. Skógarhögg:

Í Skarfanesi voru grisjaðir tveir bílfarmar og þeir fluttir að Tumastöðum. Í Selhöfðagirðingunni var grisjað frá plöntuninni 1947 og eins var grisjað fyrir plöntunum, sem plantað var þar í vor.

4. Gróðrarstöð:

a) Almennt yfirlit. Vinna hófst í byrjun maí og lauk um miðjan nóv. Af færanlegum sáðkössum eru til 2496 m.$^2$ og hafa þá bæst við á árinu 626 m.$^2$. Smíðaðar voru 192 skjólgrindur 1.m. ~~háum,~~ háar en misjafnlega löngum frá 2,5 m. til 4,0 m. Af vermigluggum eru til 1232 m.-.

Toppkal var mikið í 2/0 plöntum í sitkagreni og blágreni. Trúlega er septemberfrostinu um að kenna, þótt það sæist ekki á plöntunum fyr en komið var fram undir vor. Gróðrarstöðin var að vísu reyklögð í þessu frosti, en frostið var það mikið + 5 að reyklögnin hefur ekki bjargað.

Í vor var keyptur gufuketill og gufumotta til að gufusjóða jarðveg í fræbeðum. Gufumottan reyndist að vísu ónothæf hversu þung hún var og illa einangruð. Hér á Tumastöðum var önnur smíðuð, sem bjargast var við í sumar. Við jarðvegssuðuna náðist 96 stiga hiti, í efstu 5.cm.en um 50 stig í 10-15. cm. dýpi. Alls voru soðnir 1000.m-. 500m- í vor og annað eins í haust. Ekki vil ég dæma um árangur af jarðsuðu að svo komnu, en eitt get ég þó sagt, að illgresishreinsun var sama sem engin á því landi sem soðið var.

Illgresisolíur (White spirit) voru svolítið notaðar með sæmilegum árangri, en af því að þetta var í fyrsta sinn að olíur voru brúkaðar hér, var ég hálf ragur við þær, svo það sparaðist ekkert teljandi á hreinsuninni þeirra vegna. Farið var eftir leiðbeiningum er Páll Guttormsson, hafði tekið saman.

Mjög mikið illgresi, var í gróðrarstöðinni í sumar, fyrir þann ósóma, þarf að komast næsta sumar

Myglu varð vart í 1/0 og 2/0 plöntum, síðast í nóvember, enda sífeldar rigningar og dumbungsveður í allt haust. Gluggar og annar vetrarumbúnaður var tekinn af og plönturnar loftaðar eins og hægt var.

Dreifsettar voru í Múlakoti 4000 stk. af sitkagreni 2/2, til notkunar í skjólbelta plöntun síðar meir.

Vöxtur var í tæpu meðallagi. Holklaki var enginn. Sandi var dreift yfir öll dreifsetningarbeð með traktor.

Seld var gamla Farmall dráttarvélin, en keypt Ferguson díselvél (1955) í staðinn. Ámokstrarskófla við Fergusontraktor, var keypt í vor.

b) Áburður. Áburðarmagn á hverja 100 $m^2$. var það sama og í fyrra, þó var settur meiri áburður í það land er gufusoðið var.

c) Jarðvinnsla. Plægð og fræsuð var spilda, fyrir vestan skógarvarðarbústað, 120 m. löng og 20 m. breið eða 2400 $m^2$. Með þessari nýju viðbót er stærð gróðrarstöðvarinnar 3,3 ha. fyrir utan skjólbelti. Skurðgrafa gróf hér í haust rúma 1000 m. af opnum skurðum. Aðalgröfturinn , var í mýrinni fyrir sunnan verkamanna og skógarvarðarbústað.

d) Sáningar.

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni Seward | 9,05 kg. | 300,0 m² |
| Sitkagreni Hómer | 13,00 - | 195,0 - |
| Sitkabastarður Lawing | 2,00 - | 30,0 - |
| Hvítgreni Lawing | 1,00 - | 10,0 - |
| Brodd- og blágreni Colorado | 1,00 - | 50,0 - |
| Broddgreni Coloardo | 1,00 - | 50,0 - |
| Rauðgreni R-K-E-D. | 4,00 - | 20,0 - |
| Rauðgreni Bindal | 2,00 - | 70,0 - |
| Fjallaþinur Colorado | 2,00 - | 45,0 - |
| Bergfura Pyreneafjöll | 1.00 - | 40,0 - |
| Skógarfura Troms strönd | 2,00 - | 50,0 - |
| Stafafura Skagway | 0,50 - | 20,0 - |
| Stafafura St. Fort-James | 1,00 - | 40,0 - |
| Stafafura Colorado | 0,12 - | 4,5 - |
| Broddfura Colorado | 0,50 - | 12,0 - |
| Gulfura Colorado | 0,50 - | 7,5 - |
| Fjallaþöll Lawing | 1,50 - | 55,0 - |
| Marþöll Juneau | 1,00 - | 28,5 - |
| Marþöll Wrangel | 1,00 - | 30,0 - |
| Birki Bæjarstað | 16,00 - | 450,0 - |
| **Haustsáning.** | | |
| Sitkagreni Seward | 2,00 - | 70,0 - |
| Alaskalúpína Múlakoti | 3,00 - | 50,0 - |
| Birki Vöglum | 3,00 - | 75,0 - |
| Samtals | ~~[illegible]~~ 68.17 kg. | í 1.752,5 m² |

## e) Dreifsetning á Tumastöðum 1958

### Barrtré.

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/0 | | 427.400 stk. |
| Rauðgreni 3405-100-51 N-Helgeland 2/0 | | 218.300 - |
| Brodd- og blágreni 2050-3000-55 Sapinero ~~2/0~~ | | 3.200 - |
| Blágreni 2003-3000-55 Sapinero 2/0 | | 76.700 - |
| Fjallaþinur 901-3000-55 Sapinero 2/0 | | 1.200 - |
| Skógarfura 3003-100-38 Troms ströndd | | 12.800 - |
| | Samtals | 739.600 stk. |

### Lauftré.

| | | |
|---|---|---|
| Birki 001-100-55 Bæjarstað | | 18.500 stk. |
| Álmur | | 7.800 - |
| | Samtals | 26.300 stk. |

### Græðlingar.

| | | |
|---|---|---|
| Alaskaösp | | 8.000 stk. |
| Þingvíðir | | 4.000 - |
| Rússneskurvíðir | | 1.000 - |
| Ribs | | 2.000 - |
| | Samtals | 15.000 stk. |

### Dreifsetningarplöntur sendar frá Tumastöðum.

### Að Norðtungu.

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni 109-100-55 Juneau 2/0 | | 10.600 stk. |
| Rauðgreni 3405-100-51 N- Helgeland | | 59.800 - |
| Brodd- og blágreni 2050-3100-55 Sapinero 2/0 | | 20.700 - |
| Skógarfura 3003-100-38 Troms strönd 3/0 | | 86.500 - |
| | Samtals | 177.600 stk. |

## f) Plöntur til dreifsetningar 1959.

Barrtré.

| | |
|---|---|
| Sitkagreni 102-100-56 Seward 2/0 (10 kg í 300 m²) | 357.000 stk. |
| Rauðgreni 3421-100-54 Rana 2/0 (2 kg í 70 m²) | 29.800 - |
| Rauðgreni 3403-100-51 Leirfjord 2/0 (2 kg í 70 m²) | 72.000 - |
| Broddgreni 2100-3100-56 Sapinero 2/0 (1 kg í 50 m²) | 50.000 - |
| Blágreni 2003-3100-55 Sapinero 2/0 (0,4 kg í 20 m²) | 20.000 - |
| Brodd- og blágreni 2050-3100-54 Sapinero 3/0 | 35.000 - |
| Brodd- og blágreni 2050-3100-55 Sapinero 2/0 (1 kg í 50 m²) | 50.000 - |
| Kínagreni 3600- - 56 2/0 (0,5 kg í 15 m²) | 16.000 - |
| Hvítgreni 313-300-56 Fort St. James 2/0 (0,2 í 4 m²) | 9.000 - |
| Balsamþinur 2750- -55 Newfoundland 2/0 (0,5 í 5 m²) | 2.500 - |
| Hvítþinur 2400-3000-55 Sapinero 2/0 1 kg í 20 m² | 700 - |
| Fjallaþinur 901-3000-55 Sapinero 2/0 2,5 í 50 | 13.000 - |
| Fjallaþöll 602-100-56 Seward k- Lake 2/0 (1 kg í 30) | 400 - |
| Fjallaþöll 604-100-54 Lawing 3/0 | 4.000 - |
| Dauglasgreni 2700- -55 Blue Mesa | 22.000 - |
| Rússalerki 3654- -56 Onega 2/0 (2,0 í 70 m²) | 5.000 - |
| Rússalerki Tommot yakutak 3/0 | 8.000 - |
| Rússalerki Yarensk 3/0 | 300 - |
| Lerki Sviss 2/0 (1 kg í 30) | 4.000 - |
| Stafafura 1006-300-56 Salmon Arm 2/0 (0,17 í 6 m²) | 6.000 - |
| Stafafura 1002-3200-54 Skagway 3/0 | 1.500 - |
| Skógarfura 3003-100-38 Troms strönd 4/0 | 20.000 - |
| Skógarfura W-100-38 | 18.000 - |
| Skógarfura Z-100-38 | 2.000 - |
| Gráfura 2650-3300-54 Salida 3/0 | 500 - |
| Samtals | 746.700 stk. |

## Plöntur til dreifsetningar 1959 frh.

### Lauftré og græðlingar.

| | |
|---|---|
| Birki 001-100-55 Bæjarstað 3/0 | 5.000 stk. |
| Elri 4200-200-54 Rognan 3/0 | 1.500 - |
| Alaskaepli Múlakoti 3/0 | 2.000 - |
| Seljureynir Múlakoti 3/0 | 2.000 - |
| Gráreynir Múlakoti 3/0 | 1.000 - |
| Ribs | 3.000 - |
| Sólber | 500 - |
| Alaskaösp | 10.000 - |
| Gulvíðir | 3.000 - |
| Þingvíðir | 5.000 - |
| Aðrar tegundir | 2.000 - |
| Samtals | 35.000 stk. |

## g) Plöntur til afhendingar 1959.

**Skógarplöntur:**

| | | |
|---|---|---|
| Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/2 | | 102.000 stk. |
| Sitkagreni 109-100-54 Juneau 2/2 | | 15.500 - |
| Sitkabastarður 401-200-54 Lawing 2/2 | | 42.000 - |
| Rauðgreni 3404-100-51 Sör-Helgeland 2/3 | | 56.000 - |
| Rauðgreni 3403-100-51 Rana 2/3 | | 53.000 - |
| Stafafura 1001-250-53 Skagway 2/2 | | 12.000 - |
| Stafafura 1002-3200-54 Skagway 3/0 | | 5.000 - |
| Skógarfura 3003-100-38 Troms strönd 4/0 | | 40.000 - |
| Skógarfura W-100-38 3/0 | | 36.000 - |
| Skógarfura Z-100-38 3/0 | | 4.000 - |
| Gráfura 2650-3300-54 Salida 4/0 | | 5.000 - |
| Birki 001-100-55 3/0 | | 5.000 - |
| Elri 4200-200-54 Rognan 3/0 | | 3.000 - |
| Broddgreni 2100-2400-54 Sapinero 2/3 | | 3.000 - |
| | Samtals | 381.500 stk. |

**Garðplöntur.**

| | | |
|---|---|---|
| Reyniviður | | 4.000 stk. |
| Alaskaösp | | 3.000 - |
| Birki (limgerði) | | 2.000 - |
| Þingvíðir | | 1.800 - |
| Ribs | | 200 - |
| Sólber | | 500 - |
| Ýmsir runnar | | 1.000 - |
| | Samtala | 12.500 stk. |

h) Afhentar plöntur.

## Skógarplöntur.

| | | |
|---|---|---|
| Birki 3/0 og 2/2 | 13.900 stk. | |
| Skógarfura 3/0 | 51.000 - | |
| Skógarfura 2/2 | 30.800 - | |
| Gráfura 3/0 | 7.400 - | |
| Fjallafura 2/2 | 2.000 - | |
| Bergfura ~~2/2~~ 2/3 | 4.100 - | |
| Rauðgreni 2/2 | 82.900 - | |
| Blágreni 2/2 | 100 - | |
| Hvítgreni 2/2 | 1.200 - | |
| Sitkagreni 2/2 | 133.200 - | |
| Sitkabastarður 2/2 | 84.100 - | |
| Fjallaþöll 3/2 | 5.100 - | |
| Lerki 2/2 Og3/0 | 18.400 - | |
| Sitkagreni 2/2 (undirmálspl.) | 18.700 - | |
| Sitkabast. 2/2 ( Do. ) | 5.400 - | 458.300 stk. |

## Garðplöntur.

| | | |
|---|---|---|
| Birki | 1.100 - | |
| Reynir | 1.400 - | |
| Álmur | 100 - | |
| Alaskaösp | 1.000 - | |
| Víðir | 3.200 - | |
| Ribs | 300 - | |
| Runnar | 200 - | 7.300 stk. |
| | Samt. | 465.600 stk. |

## 5. Gróðursetningar: 1958

Í Selhöfðagirðingu í Þjórsárdal, var plantað 5500 stk. af rauðgreni 2/2 frá (Bindal)

Í Skarfanesi voru gróðursettar 5000 stk. gráfurur 3/0 (Salida), og 1750 stk. skógarfurur 3/0 (Troms-strönd). Einnig var herfað þar smávegis og sáð í það 1/2 kg. skógarfurufræi (Tromsströnd) og 1/2 kg. af bergfuru frá (Pýreneafjöllum).

Plantað var í brekkuna á Tumastöðum 325 stk. rauðgreni 2/2 frá (Rana) og 1190 stk. sitkabastarð 2/2 401-200-52 (Lawing). Þessum plöntum sem plantað var í brekkuna, var verið að planta allt sumarið og er það eftirtakanlegt að þær plöntur sem plantað var í maí og ágúst eru lang þroskavænlegastar.

Í Herjólfsdal í Vestmannaeyjum var plantað 4000 stk. sitkagreni 2/2 (Mac-Leod), 6000 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward) og 1000 stk. sitkabastarð 2/2 401-200-52 (Lawing).

Skógræktarfélag Árnesinga plantaði að Snæfoksstöðum, 2000 stk. gráfura 3/0 2650-3300-54 (Salida), 2000 stk. skógarfura 3/0 Troms-strönd, 2000 stk. fjallafura 2/2 , 2000 stk. bergfura 2/2 3200-52 (Pýreneafjöll), 4000 stk sitkabastarð 2/2 401-200-52 (Lawing) og 2700 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward). Síðsumars plantaði Skógræktarfélagið í nýju girðinguna niður við Hvítá, 500 stk. skógarfura 2/2 (Troms-strönd) 1200 stk. rauðgreni 2/2 3403-100-51 (Rana). 1000 stk. sitkabastarð 2/2 401-200-54 (Lawing) og 600 stk. sitkagreni 2/2 108-100-54 (Cordova).

Skógræktarfélag Mýrdælinga, plantaði í Sólheimakotsgirðingu 5000 stk, Víkurskriður 2000 stk. og Heiðardal 1000 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward). Í Víkurskriðum og Sólheimakotsgirðingu fara plönturnar mjög vel af stað, en í Heiðardal er árangur ekki eins góður.

Á vegum Skógræktarfélags Rangæinga, var plantað í Fljótshlíðargirðingu 3000 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward). Að Seljarlandi 3000 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward). Þar gerði svarti grasmaðkurinn töluverðann usla í barrplöntum í sumar.
Í Ásahreppsgirðingu í Ásmundarstaðalandi, var plantað 2000 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward). Í Skógaskólagirðingu 500 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward) og 1000 stk. sitkabastarð 2/2 401-200-52 (Lawing). Í gömlu sandgræðslugirðinguna hjá Nefsholti í Holtum 600 stk. sitkagreni 2/2 102-100-52 (Seward)

6. Byggingar og viðhald:

Í haust voru keyptar 215 plötur af þakjárni og er meiningin að setja þær á grindina af gamla gróðurhúsinu næsta vor. Bætist þá við pökkunar og geymslurúm 210 m. sem full þörf er fyrir.

Viðleguhús í Skarfanesi, var smávegis lagfært, sett nýtt torf á þakið gólf lagað og settur upp reykháfur.

Á Tumastöðum var smávegis málað innanhús, keyptar 15 rúmdýnur og sett ný útidyrahurð á skógarvarðarbústað.

7. Vegagerð:

Borið var ofaní vegi í gróðrarstöðinni og heim að Tumastöðum, til ámokstrar var Ferguson ámokstrarskóflan notuð og gekk það vel.

8. Leiðbeiningar og ferðalög:

Eins og undanfarin ár, var Skógræktarfélögunum í umdæminu, hjálpað og leiðbeint eins og kostur var.

Um miðjan apríl fór ég ferð til Vestmannaeyja, til þess að velja land undir gróðursetningu, er Útvegsbankinn hugðist koma þar upp. Fyrir valinu varð Herjólfsdalur, enda eini staðurinn sem kom til greina vegna legu sinnar, skjól fyrir austan og norðanátt.

Gróðursett var svo dagana frá 28.maí til 8.júní. Mjög þurt var meðan á gróðursetningu stóð og ekki kom dropi úr lofti fyr en í ágúst. Síðast í nóvember fór ég þangað aðra ferð, til að setja upp skjólgrindur og athuga gróðursetninguna. Undraðist ég mjög hve plönturnar voru fallegar og hve lítið hafði drepist. Af rúmlega 11. þús. plöntum, fann ég aðeins 2 dauðar.

Í skóglendi skógræktar ríkisins, fór ég 3. ferðir á Þórsmörk, 4. í Skarfanes og 5. í Þjórsárdal.

9. Trjámælingar rannsóknir og landmælingar:

Ekki var gerð alsherjar mæling á trjám í Múlakoti eins og undanfarin 2 á. Þó mældi ég ársvöxt á nokkrum alaskaöspum frá 1949, og reyndist meðalársvöxtur vera um 50 cm.

Smávegis tilraunir gerði ég með gróðursetningaraðferðir og gróðursetningartíma.

10. Ýmislegt:

Lúpínan í Þverárauragirðingunni, hefur að undanförnu breiðst ört út og myndar nú orðið fallegar breiður. Í sumar var safnað um 10 kg. af fræi af henni,á aurunum og í Múlakoti.

Í haust var unnið að lagfæringu og grisjun í Múlakotsstöðinni. Álmlimgirðingin, sem plantað var 1937, var stýfð niður við rót. Þingvíðirinn austast og vestast var grisjaður mikið. Villieplarunnar teknir upp og fleira gert sem betur þótti fara.

Ferðamannastraumur er mikill á Þórsmörk um helgar yfir sumarið. Umgengni var þar mjög slæm í sumar. Farin var ein ferð til hreinsunar, en það verður dýrt að fara inneftir eftir hverja helgi, svo ég er að hugsa um að setja nokkrar ruslatunnur upp næsta sumar, og sjá til hvort fólk lærir ekki að nota þær og bæta umgengnina.

Dagana 30 og 31 júlí, var Þórsmörk og Goðaland smalað. Ferðamenn

sögðu frá því að girðingin væri full af fé. Út smalaðist 30 fjár.

Þjórsárdalsgirðing var smöluð 22. ágúst og út úr henni rekið um 250 fjár. Oddviti Gnúpverjahrepps, hafði lagt svo fyrir að allt fé er safnaðist að girðingunni að framanverðu, skyldi inní hana rekið, svo ekki var að undra þótt vel smalaðist út.

Tveir hrútar komust í Skarfanesgirðingu, höfðu þeir horfið frá Skarði á Landi á miðjum vetri. Dálítið höfðu þeir skemmt plöntur, aðallega lerki.

Tumastöðum 31. des. 1958.

Garðar Jónsson

## h) Afhentar plöntur. 1958

### Skógarplöntur.

| | |
|---|---|
| Birki 001-100-54 Bæjarst. 3/0 | 13.300 stk |
| Birki Bæjarst. 2/2 | 600 - |
| Sitkagreni 102-100-52 Seward 2/2 | 107.500 - |
| Sitkagreni 102-100-50 Seward 2/2/2 | 19.600 - |
| Sitkagreni Mac-Leod 2/2/2 | 4.000 - |
| Sitkagreni 108-100-54 Cordova 2/2 | 600 - |
| Sitkabastarður 401-200-52 Lawing 2/2 | 93.900 - |
| Sitkabastarður Rabbit creek 2/2 | 400 - |
| Rauðgreni Bindal 2/2/2 | 14.700 - |
| Rauðgreni Bindal 2/3 | 29.800 - |
| Rauðgreni 3403-100-51 Rana 2/2 | 41.400 - |
| Rauðgreni Fellingfoss 2/2/2 | 1.000 - |
| Hvítgreni 308-100-53 Rabbit creek 2/2 | 1.200 - |
| Blágreni 2/2 | 100 - |
| Fjallaþöll Mac-Leod 3/2/2 | 5.100 - |
| Lerki 3601-1200-53 Altai 2/2 | 7.100 - |
| Lerki 3651-150-54 Arkangelsk vélsk 3/0 | 10.100- - |
| Skógarfura 3003-100-47 Troms strönd 2/2 | 14.500 - |
| Skógarfura Troms strönd (2/3) | 16.300 - |
| Skógarfura 3003-100-38 Troms strönd 3/0 | 51.000 - |
| Gráfura 2650-3300-54 Salida 3/0 | 7.400 - |
| Fjallafura 3/3 | 2.000 - |
| Bergfura 3200- -52 2/3 Pyreneafjöll 2/3 | 4.100 - |
| Sitkagreni 102-100-52 Seward 2/2 (undirmálspl.) | 18.700 - |
| Sitkabastarður 401-200-52 Lawing 2/2 (undirmálspl.) | 5.400 - |
| Samtals | 469.800 stk. |

h) Afhentar plöntur frmh. 1958

Garðplöntur.

| | |
|---|---|
| Reyniviður | 1.400 stk. |
| Birki | 1.100 - |
| Álmur | 100 - |
| Alaskaösp | 1.000 - |
| Víðir | 3.200 - |
| Ribs | 300 - |
| Runnar | 200 - |
| Samtals | 7.300 stk. |

+++++++++++++++++++++++

# Sáningar 1958. (spfr.)

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sitkagreni Seward | 4.kg | dreifsáð | 2. | gott. |
| Do. - | 6. - | raðsáð | 1. | ofþétt. |
| Sitkagreni Homer | 9. - | dreifsáð | 3. | heldur of gisið. |
| Do. - | 4. - | raðsáð | 2. | ágætt. |
| Hvítgreni Lawing | 1. - | raðsáð | 4. | á stangli. |
| Brodd og blág.Col. | 1. - | dreifsáð | 2. | ágætt. |
| Broddgreni Colorad. | 1. - | dreifsáð | 2. | ágætt. |
| Rauðgreni R-K-E-D. | 2. - | raðsáð | 2. | ágætt. |
| Do. - | 2. - | dreifsáð | 2. | ágætt. |
| Rauðgreni Bindal. | 2. - | dreifsáð | 2. | ágætt. |
| Fjallaþinur Col. | 2. - | raðsáð | 4. | mjög gisið. |
| Bergfura Pýr. | 1. - | dreifsáð | 2. | gott. |
| Skógarfura Tromss. | 2. - | dreifsáð | 3. | mjög gisið. |
| Stafafura Skagway. | 0,5 | dreifsáð | 3. | gisið. |
| Do. St.Fort-J. | 1. - | dreifsáð | 3. | gisið. |
| Do. Colorado. | 0,12 | dreifsáð | 2. | sæmilegt. |
| Broddfura Color. | 0,5 | dreifsáð | 3. | gisið. |
| Gulfura Colorado, | 0,5 | dreifsáð | 3. | gisið. |
| Fjallaþöll Lawing. | 1,5 | raðsáð | 2. | ágætt. |
| Marþöll Juneau. | 1. - | raðsáð | 2. | ágætt. |
| Do. Wrangel. | 1. - | raðsáð | 2. | ágætt. |
| Birki frá 1957 | 10. - | dreifsáð | 2. | ágætt. |
| Birki - 1956 | 6. - | dreifsáð | 3. | nærri því á stangli. |

Tumastöðum 31. jan. 1959.

*Skógrækt ríkisins*

*Skógarvörðurinn á Tumastöðum*

TUMASTÖÐUM, 1. okt. 1958.
PR. HVOLSVÖLLUR

# P L Ö N T U T A L N I N G .

**Skógarplöntur:**

| | | Dreifsett 57 og [illegible] |
|---|---|---|
| Sitkagreni (Cordova) 2/2. 12 cm og yfir | 102.000 | 255. 300 |
| Sitkagreni (Mendenhall) 2/2 ---------- | 15.500 | 38. 700 |
| Sitkabastarður (Lawing) 2/2 ---------- | 42.000 | 84. 400 |
| Rauðgreni (Sör-Helgeland) 2/3 -------- | 56.000 | 87. 100 |
| Rauðgreni (Rana) 2/3 ---------- | 53.000 | |
| Kontortafura (Skagway) 2/2 --------- | 12.000 | 20. 800 |
| Kontortafura (Skagway) 3/0 | 5.000 | |
| Skógarfura (Troms-strönd) 4/0 | 40.000 | |
| Skógarfura (W-100-1938) 3/0 | 40.000 | |
| Gráfura (Salida) 4/0 | 3.000 | |
| Birki 3/0 | 5.000 | |
| Elri (Rognan) 3/0 | 3.000 | |
| Blágreni (Sapinero) 2/3 ljótt | 3.000 | |
| | 379.500 | |

**Garðplöntur:**

| | |
|---|---|
| Reynir | 4.000 |
| Alaskaösp | 3.000 |
| Birki (limgerði) | 2.000 |
| Þingvíðir | 1.800 |
| Rifs | 200 |
| Sólber | 500 |
| Bastarður ? | |
| Rauðgreni ? | |
| Sitkagreni ? | |
| Ýmsir runnar | 1.000 |

Rauðgr. [illegible]